

**Fundargerð háskólaráðs**  
**374. fundur fimmtudaginn 22. september kl. 13:30**  
**Borgir 262**

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:30.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda  
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Óskar Þór Vilhjálmsson fulltrúi háskólasamfélagsins  
Elvar Jónsson varafulltrúi menntamálaráðherra (í síma)  
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Forföll boðuðu

Jens Garðar Helgason, fulltrúi menntamálaráðherra  
Finnbogi Jónsson, fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Martha Lilja M. Olsen ritari háskólaráðs  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála

Gestir:

Kristín Þórarinsdóttir  
Sigríður Sía Jónsdóttir  
Hjördís Sigursteinsdóttir

---

**1. Fundargerð 373. fundar til samþykktar**

*1608021*

Fundargerð 373. fundar samþykkt.

**2. Mál til kynningar**

Rektor kynnti breytingar á dagskrá. Önnur mál verða tekin til umfjöllunar undir þessum lið – aðrir liðir á dagskrá verða færðir fram fyrir 6. lið, sem verður tekinn síðastur á dagskrá fundarins.

- Vísindasiðanefnd við HA. Málið kynnt og lögð fram gögn frá siðanefnd HA, sem er að vinna að málinu og tillögum um að

stofna Vísindasiðanefnd HA – eða sækja um aðild að nýlegri vísindasiðanefnd HÍ.

Háskólaráð beinir því til siðanefndar að hefja viðræður við fræðasvið skólans um hvernig þessum málum er best háttað innan skólans með það að markmiði að vinna tillögur um hvort eigi að stofna sérstaka vísindasiðanefnd HA eða óska eftir samstarfi við HÍ.

- Rektor kynnti erindi frá gæðastjóra (undir „önnur mál“ á dagskrá fundarins) um að breyta þurfi reglum um mat á fyrra námi í deildum skólans svo unnt sé að meta einingar úr loknum prófgráðum inn í nám. Háskólaráð beinir því til sviðanna að taka reglur sínar til endurskoðunar ásamt rökstuðningi.
- Hermína vakti athygli á því að Læsisráðstefna sem haldin var í HA á vegum Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri, í samstarfi við Menntamálastofnun um s.l. helgi, var ekki kynnt á heimasíðu skólans. Rætt um að rektor árétti við forstöðumenn og aðra aðila innan skólans sem koma að því að halda slíka viðburði að mikilvægt sé að koma upplýsingum á framfæri við markaðs- og kynningarsvið skólans svo hægt sé að auglýsa slíka viðburði vel á heimasíðu skólans.

### **3. Rekstraryfirlit**

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri og Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála komu inn á fundinn undir þessum lið.

Úlfar kynnti rektraryfirlit janúar til ágúst. Reksturinn nokkurn veginn á sléttu. Launakostnaður síðasta hluta ársins verður hins vegar hærri en hann var á fyrsta hluta ársins vegna launahækkana og því hefði þurft að eiga afgang til að mæta því á haustmánuðum og líklegt að skólinn endi í einhverjum halla vegna hærri launakostnaðar. Framundan er vinna við gerð fjárhagsáætlunar næstu þrjú árin í samræmi við nýjar reglur um fjármál hins opinbera og ljóst er að reksturinn verður innan sama rama næstu þrjú árin og því verða næstu ár erfið í rekstri skólans.

Undir þessum lið var einnig fjallað um drög að breytingum á reglum um starfsskyldur kennara (fylgiskjal í fundargögnum)– sem var undir liðnum „önnur mál“ – Úlfar Hauksson sagði frá drögum að breytingum á reglum um starfsskyldur kennara sbr. bókun háskólaráðs frá 31. maí 2016 (ath. dagsetningu) – breyting sem var gerð til að halda samræmi við reglur sem gilda um kennara við HÍ. Háskólaráð samþykkir breytingu á reglum um starfsskyldur kennara við Háskólann á Akureyri.

### **4. Sumarháskólar við Háskólann á Akureyri**

Frestað til næsta fundar.

## **5. Ráðning forseta hug- og félagsvísindsviðs**

1601059

Rektor lagði fram tillögu og rökstuðning vegna ráðningar nýs forseta hug- og félagsvísindasviðs. Háskólaráð samþykkir tillögu rektors um að ráða Dr. Lars Gunnar Lundsten í stöðuna.

## **6. Rannsóknamissurum úthlutað skv. 4. gr. – niðurstaða rektors**

1606008

Rektor fór yfir samantekt sína og niðurstöður vegna úthlutunar aukarannsóknamissura árið 2017, skv. 4. gr. reglna nr. 355/2012 um rannsóknamissuri kennara við HA. Ítreka þarf að hér var um að ræða sértæka aðgerð háskólaráðs til að efla skólann í heild sinni, fjölga doktorsmenntuðum starfsmönnum eftir þörfum hvers sviðs, til að mæta gæðakröfum sem gerðar verða til háskóla á næstu árum. Ekki var um að ræða sérstök réttindi starfsmanna skólans. Vinnureglunum var ætlað að vera til viðmiðunar fyrir sviðsforseta svo forsetar gætu gætt samræmis á milli sviða við að leggja fram tillögur sínar til rektors og fyrir rektor til að taka ákvörðun út frá heildarhagsmunum skólans.

Tveir starfsmenn sem sóttu um og fengu ekki úthlutað rannsóknamissuri vegna forgangsröðunar viðkomandi sviðs í þetta sinn, hafa látið í ljósi óánægju sína og telja að brotið hafi verið á rétti sínum og hafa lagt fram kvörtun til háskólaráðs vegna ákvörðunar rektors.

Viðkomandi starfsmönnum var boðið að koma fyrir háskólaráð og gera grein fyrir sínum sjónarmiðum.

Þar sem rektor tók ákvarðanirnar sem til umræðu eru taldi hann sig vanhæfan við frekari afgreiðslu málsins og vék hann af fundi þegar starfsmennirnir sem hafa kvartað til háskólaráðs komu inn á fundinn. Svanfríður Jónasdóttir tók við stjórn fundarins.

Starfsmennirnir kynntu kvartanir sínar fyrir háskólaráði, en formaður Félags háskólakennara á Akureyri (FHA) sat fundinn með þeim.

Rektor kom aftur inn á fundinn kl. 16:08.

Háskólaráð leggur áherslu á að reyna að ljúka þessu máli í sátt. Því er beint til forseta heilbrigðisvísindasviðs og rektors að koma til móts við þessa starfsmenn og styðja eins og mögulegt er.

Háskólaráð samþykkir úthlutun rektors á aukarannsóknamissurum þrátt fyrir ákveðna hnökra sem komu í ljós í ferlinu, sem þarf að lagfæra áður en ferlið verður auglýst næst.

Þrátt fyrir þá hnökra sem reyndust vera við þetta fyrsta ferli við úthlutun aukarannsóknsmissera til doktorsnema/nýdoktora lýsir háskólaráð yfir ánægju með þessa aukaúthlutun rannsóknamissera og lýsir yfir vilja sínum til að halda þessu áfram með sama markmið að leiðarljósi; að stuðla að fjölgun doktorsmenntaðra starfsmanna við skólann svo skólinn geti með fullum sóma

uppfyllt gæðakröfur háskóla á næstu árum. Háskólaráð beinir því til rektors að taka vinnureglur vegna úthlutunar aukarannsóknamissera til doktorsnema, skv. 4. gr. reglna nr. 355/2012 um rannsóknamisseri kennara við Háskólann á Akureyri, til endurskoðunar í ljósi þeirra hnökra og ábendinga sem fram hafa komið, áður en næsta umsóknarferli verður auglýst.

## **7. Lögreglunám – staðan**

*1511037*

Rektor gerði grein fyrir stöðunni. Fyrstu nemendur hafa hafið nám í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri og allt gengur samkvæmt áætlun. Fulltrúar menntamálaráðuneytis, Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu og ríkislögreglustjóra koma á vinnufund í HA um málið miðvikudaginn 21. september. Viðræður um tilhögun námsins (bóklegt og verklegt), fjármál og samningsviðauka á milli HA og menntamálaráðuneytis er ekki alveg lokið ennþá.

Rektor sagði frá heimsókn frá fulltrúa frá norska lögregluháskólanum en mikill áhugi er þar að fylgjast með sveigjanlegu námi í lögreglufræði. Svanfríður benti á að það væri ástæða til að skrifa grein og vekja athygli á áhuga erlendra lögregluháskóla á framkvæmd sveigjanlega námsins og að vinna með HA í því og læra af.

## **8. Umsögn HA um nýtt frumvarp um LÍN**

*1609024*

Lögð fram til kynningar umsögn HA um nýtt frumvarp um LÍN, sem rektor var falið að skrifa og senda inn.

## **9. Ritver við HA**

Frestað til næsta fundar.

## **10. Önnur mál**

Fjallað var um þau „önnur mál“ sem voru á dagskrá undir lið 2, „Mál til kynningar“.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:33.